

**OPINBER
TALSMANNA
ALLRA BARNNA
Á ÍSLANDI**



„Við hvað má ég vinna?“

Réttindi barna - vinnuvernd

Ráðstefna 20. október 2016

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna



Umboðsmaður barna

- Umboðsmaður barna er opinber talsmaður allra barna á Íslandi – frá 0 til 18 ára.
- Ber að standa vörð um hagsmuni barna og vinna að því að tekið sé fullt tillit til réttinda þeirra á öllum sviðum samfélagsins.
- Leiðbeinir öllum sem til hans leita.




Barnasáttmálinn

- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.
 - Samþykktur árið 1989.
 - Fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992.
 - Lögfestur 20. febrúar 2013.
- Útbreiddasti mannréttindasamningur heims.
 - Öll ríki heims, fyrir utan eitt, hafa fullgilt hann.
- Tryggir börnum sjálfstæð mannréttindi.
- Ný sýn á réttindi barna.
 - Vernd – umönnun – þátttaka.



Fjórar grundvallarreglur

- 2. gr. - Jafnræði og bann við mismunun.
- 3. gr. - Hafa skal það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi.
- 6. gr. - Réttur hvers barns til að lifa og þroskast.
- 12. gr. - Réttur barns til að láta í ljós skoðanir sínar og skyldan til þess að taka réttmætt tillit til þeirra.



6. gr. Barnasáttmálans

1. Aðildarríki viðurkenna að sérhvert barn hefur meðfæddan rétt til lífs.
2. Aðildarríki skulu eftir fremsta megni tryggja að börn megi lifa og þroskast.



32. gr. - Vinnuvernd

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að vera verndað fyrir arðráni og vinnu sem líklegt er að því stafi hættu af eða komið gæti niður á námi þess eða skaðað heilsu þess eða líkamlegan, sálrænan, andlegan, siðferðislegan eða félagslegan þroska.
2. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu, félagsmála og menntamála til að tryggja framkvæmd þessarar greinar. Í því skyni, og með hliðsjón af viðeigandi ákvæðum annarra alþjóðlegra löggæringa, skulu aðildarríki einkum:
 - a) Kveða á um lágmarksaldursmark eða -mörk til ráðningar í starf.
 - b) Setja viðeigandi reglur um vinnutíma og vinnuskilyrði.

Menntun, hvíld, heilsa og fleira

- Öll börn eiga rétt á menntun við hæfi (28. og 29. gr.).
- Börn eiga rétt til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þerra og frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum (31. gr.).
- Réttur til heilsu (24. gr.) og vernd gegn misnotkun (ýmis ákvæði, t.d. 33.-36. gr.).



Vinna barna og unglunga

- Ákveðin hefð fyrir því hér á landi að unglingar vinni á sumrin og með skóla.
 - Þjónustustörf, blaðaútburður, barnapössun, bæjarvinna o.s.frv.
- Skólinn er vinnustaður nemenda.
 - Hvaða þýðingu hefur það?



Sérstaða barna

- Börn eiga rétt á sérstakri vernd og umönnun.
 - Sbr. fyrirnefnd ákvæði Barnasáttmálans og 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar.
- Meiri hættu á að börn og ungmenni lendi í vinnuslysum, óhöppum og áreitni.
- Mikilvægt að vinnuveitendur átti sig á þeirri ábyrgð sem þeir bera gagnvart börnum og þekki réttindi þeirra.



Helstu lög og reglur um vinnu barna

- X. kafli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga.
- Tilgangur laganna er tvíþættur:
 - Koma í veg fyrir að börn eða unglingar gegni störfum sem reynst geta þeim hættuleg andlega sem líkamlega eða komi niður á menntun þeirra og þroska
 - Ýta undir skynsamlega atvinnuþátttöku með því að gefa þeim kost á að stunda vinnu sem er í samræmi við líkamlegan og andlegan þroska þeirra.
- Í lögnum notað hugtakið ungmenni og er þeim skipt upp í tvo hópa:
 - Yngri en 15 ára sem enn eru í skyldunámi
 - Eldri en 15 ára en undir 18 ára en eru ekki í skyldunámi.

Hvað segja krakkarnir?

- Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna – sem er ungmennaráð fyrir börn á aldrinum 13 til 18 ára – hefur fjallað nokkuð um vinnumál.
- Samkvæmt þeirra upplifun virðist verulega skorta upp á að reglum um vinnuvernd barna og kjör þeirra á vinnumarkaði sé fylgt.
 - Börn undir 15 ára að vinna ein og á kassa.
 - Unglingar að selja tóbak.
 - Litlar upplýsingar um laun, ráðningarsamninga o.fl.
 - Oft skortir upp á hvíldartíma, launagreiðslur, skráningu slysa o.fl.
- Kalla eftir frekari fræðslu
 - Þó almennt ánægð með þá fræðslu sem VR hefur verið með.

Ályktun SAMFÉS

- Ályktun frá landsþingi ungs fólks á aldrinum 13- 16 ára:
 - Flestir unglingar eru óreyndir á vinnumarkaði og þess vegna ómeðvitaðir um það hvort verið sé að brjóta á þeim. Við viljum fá meiri og betri fræðslu í öllum grunnskólum landsins um hvernig á að fóta sig á atvinnumarkaði svo að ungt fólk gerir sér betur grein fyrir því þegar verið er að brjóta á þeim. Við krefjumst þess einnig að hert sé á eftirliti með fyrirtækjum svo ekki sé brotið á ungmennum.



Takk fyrir 😊



www.barn.is